

## GJALDSKRÁ fyrir hunda- og kattahald í Snæfellsbæ.

### 1. gr.

Hunda- og kattaeigendur í Snæfellsbæ, skulu greiða leyfisgjald skv. 3. tölulið 1. gr. og 14. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ, nr. 757/2007.

### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund, sbr. 3. tölulið 1. gr. samþykktar nr. 757/2007, skal vera kr. 20.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplaða á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött, sbr. 14. gr. samþykktar nr. 757/2007, skal vera kr. 7.550 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplaða á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. apríl og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

### 3. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda, sbr. 3. tölulið 1. gr. samþykktar nr. 757/2007, skal vera kr. 20.000. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera kr. 9.000 fyrir 1. skipti, kr. 12.000 fyrir 2. skipti og kr. 15.000 fyrir 3. skipti.

Óskráðir hundar og kettir skulu ekki afhentir eiganda sínum fyrr en að lokinni skráningu.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

### 4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bærstjórn Snæfellsbæjar samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 1232/2017.

Staðfest af bærstjórn Snæfellsbæjar 6. desember 2018.

*Snæfellsbæ, 6. desember 2018.*

**Kristinn Jónasson** bærstjóri.